



# Efni: Endurskoðun á jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Mars 2023  
Þórunnartúni 2  
105, Reykjavík

Félag fornleifafræðinga vill benda á það ójafnvægi sem ríkir milli framlaga ríkisins til húsverndunar annars vegar og minjaverndar hins vegar. Ekkert fjármagn frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga fer núna í fornminjasjóð en jöfnuðarsjóður tekur m.a. þátt í að fjármagna húsvernd á Íslandi (húsafriðunarsjóður) Réttast væri að rétta af þennan mikla halla sem er á milli fjármögnunar á verndun húsa og verndun fornminja. Heppilegt er að nýta tækifærið sem skapast við þessa endurskoðun til þess að leiðrétta þetta ójafnvægi, minjavernd og sveitarfélögum til góðs.

Eitt einkenni íslenskrar minjaverndar er mikil ríkisforsjá. Landinu er skipt í minjasvæði og á hverju svæði fyrir sig starfa minjaverðir á vegum Minjastofnunar Íslands. Minjaverðir hafa úrskurðarvald í skipulagsmálum en kostnaður við fornleifaskráningu fellur á framkvæmdaaðila sem oft eru tekjulítill en víðáttumikil sveitarfélög þar sem eru ógrynni fornleifa og vel varðveittar leifar lítt þekktra eyðibygðra. Mörg þessara sveitarfélaga segjast eiga erfitt með að standa undir kostnaði við fornleifaskráningu, þótt benda megi á að minnstu sveitarfélögin hafi lokið fyrstu umferð skráningar (t.d. Árneshreppur og Tjörneshreppur) en ekki þau stærstu eins og Reykjavíkurborg. Fornminjasjóður gæti úthlutað til skráningaraðila því fjármagni sem fengist úr jöfnunarsjóðnum og þar með mundi þekking okkar á ástandi og staðsetningu minja víða um land aukast verulega. Slíkt myndi auka skilvirkni og upplýsingagjöf til uppbyggingaraðila og sveitarfélaga um staðsetningu minja í allri skipulagsgerð (aðal-, og deiliskipulags).